

Skógrækt Ríkisins - Þórsmörk

Þ Ó R S M Ö R K 1985

Skýrsla starfsmanna,

Sigurður Ólafsson

Katrín Ólafsdóttir

## INNGANGUR

Að vegum Skógræktar Ríkisins starfa tveir starfsmenn í frið-landinu í Þórsmörk. Sumarið 1985 gegndu systkinin Katrín og Sigurður þessum störfum.

Þetta fyrsta starfstímabil gekk að vonum áfallalaust fyrir sig. Starfið felst einkum í innheimtu tjaldgjalda, þrifum tjaldsvæða, viðhaldi mannvirkja og girðinga og aðstoð við ferðafólk, jafnt innlent sem erlent.

Sumarið var gott og augljóst var á lækjarfarvegum og fleiru að vel hafi vorað. Vorið var þurrt og milt og skapaði það ákjósanleg skilyrði fyrir ýmis konar skordýr sem nærast á birkinu.

Sumarstarfið hófst 1. júní og stóð til 1. september. Gestir í Þórsmörk voru margir í sumar eins og fram kemur í gistináttaskýrslu. Eftir að hafa lesið skýrslur forvera okkar ákváðum við að hafa form þeirra til hliðsjónar við samningu þessarar skýrslu.

GRÓÐURFAR, UPPGRÆÐSLA OG SKÓGRÆKT.

Gróðurfar í Þórsmörk og Goðalandi ber þess því miður lítt merki að svæðið hafi verið friðað áratugum saman. Gróðurlaus svæði og uppblásin börð eru áberandi víðast hvar. Það dapurlegasta við þetta allt er að lítið er gert til að bæta úr þessu. 100 kíló af áburði og 2.5 kíló af grasfræiduga skammt en það var okkar kvóti í ár. Enn fremur komu tvær rúllur af birki og nokkur búnt af ótótlegum víðitegundum sem sett voru niður í skriðum og hliðum í Skáldagili. Farfuglar báru skít á flatir í Slyppugili, Lögreglan bar áburð á flatir í Strákagili og fastagestur einn nefndur Litla-Enda-Jón kom í ár sem endranær með áburð á Litla Enda. Starfsmenn og félagar í Ferðafélagi Íslands standa sig með sóma í viðhaldi gróðurs og nýgræðslu í Langadal. Áburðkvóti okkar fór á flatir í Básun og á aura frammi við hlið.

Í sumar virtist einhver hreyfing vera að komast á frekari friðun á afréttum en óljóst er hvernig þau mál standa. Bandarískur sérfræðingur í beitarálagi heimsótti Mörkina ásamt starfsmönnum Landgræðslu Ríkisins. Gaman væri að grennslast yrði fyrir um niðurstöðu þessarar heimsóknar. Ein af mörgum spurningum þessa sérfræðings var á þá leið hvort það væru einn eða fleiri bændur sem ættu þetta land og beittu á það fé sínu.

Þar erum við líklegast komin að aðalvandinum og ástæðu þess að svæðið er ekki gróðurmeira en raun ber vitni og verður fjallað lítillega um það síðar.

FERÐAFÓLK, GESTIR OG INNHEIMTA

Fjöldi gesta var nokkru meiri í ár en í fyrra og munaði þó mest um hve miklu fleiri komu í júlí í ár. Þórsmörk var lokuð um Hvítasunnu í ár og vonandi verður svo áfram. Hæfi-

legt er að opna tjaldstæði 1. júní þ.e. um leið og starfsmenn Skógræktarinnar koma til starfa.

Gistináttaskýrslur gefa nokkuð rétta mynd af gestafjölda.

Geysileg vinna felst í innheimtu tjaldgjalda. Ástæða þess er að tjaldverðir þurfa að ganga í hvert tjald og rukka. Kerfi þetta er tímafrekt því oftast þarf að fara tvær umferðir á alla staði því erfitt er að kreista fé úr tómum tjöldum. Innheimtukerfi þessu þarf að breyta á þann veg að tjaldgestir leiti sjálfir til tjaldvarða með greiðslu og fái um leið leyfi til að tjalda og sé vísað á stað. Á öllum tjaldstæðum í Evrópu (og eflaust víðar), að ekki sé talað um Skaftafell, er þessi háttur hafður á. Við innkeyrslu á svæðið þarf því að vera aðstaða til innheimtunnar. Gestir skrá sig þar, ákveða hve lengi þeir hyggjast dveljast, greiða í samræmi við það og skilja hugsanlega eftir skilríki í afgreiðslunni. Gestir gætu við þetta tækifæri fengið allar upplýsingar um gönguleiðir, kort af svæðinu ruslapoka og sitt hvað fleira. Við brottförina ganga málin þannig fyrir sig að gestirnir fá sín plögg, skila af sér rusli og greiða aukaá gjald ef dvölin hefur verið lengi en upphaflega stóð til.

Þessi síðasti kafli leiðir af sér margar og nokkuð stórar spurningar. Hvernig á að haga þessari innheimtu? Á að færa bústað Skógræktarinnar langt niður á aura þar sem öll umferð í Þórsmörk fer um og rukka þar? Er hugsanlegt að Ferðafélag Íslands, Útivist og Austurleið sjái um innheimtu með þessu sniði í umboði Skógræktarinnar gegn ákveðnum umboðslaunum? Er hugsanlega hagstæðast að leigja þessum þremur aðilum þessi svæði? Þegar stórt er spurt er oft fátt um svör, en eitt tel ég víst að verði þessu breytt í þetta horf erum við betur sett. Starfsmenn Skógræktarinnar hefðu eftir sem áður í nógu að snúast.

Við myndum líta eftir að samstarfsaðilarnir stæðu við sitt, umsjón girðinga er tímafrek, rekstur á torfærubíl og eftirlit með ám, plöntun trjáa, sáning, áburðardreifing og margt, margt fleira sem lýtur að uppgræðslu Þórsmerkur og Goðalands.

#### TJALDSVÆÐI OG AÐSTAÐA.

Ástand tjaldsvæða er víðast hvar gott. Tjaldsvæði fram- an við Bása eru þó afar viðkvæm því jarðvegur er þar mjög grunnur og þolir ír raun ekki tjöldun. Vænlegast væri að tyrfa þessi svæði því þau eru geysivinsæl og erfitt að halda fólki frá þeim. Í sumar vænkaðist heldur hagur tjaldgеста í Húsadal þar sem klósettaðstaða og böð á vegum Austurleiðar stóðu þeim opin. Við settum jafnframt upp útivask og tvo vatnskрана á tjaldflötum. En betur má ef duga skal. Fjöldi gesta í Húsadal er oft svo mikill að klósettin hjá Austurleið nægja engan vegin. Þegar skyggja fer á kvöldin fellur notkun þeirrar aðstöðu nær alveg niður. Skógræktin eða umsjónarmenn Húsadals verða því að koma upp mjög góðri klósettaðstöðu og jafnvel böðum. Kamrar eru ekki fyrir nútímafólk og verðum við mikið vör við óánægju fólks yfir þeim. Klósettaðstaða í Langadal og Básam er stórgóð en langt er að sækja hana úr Endum og Strákagili. Huga verður að því hvort mögulegt er að koma upp vatnsklósettum á hverjum stað.

Síðastliðið haust hóf F.í. gerð göngustígs upp Langadal. Gaman væri að framlengja hann yfir í Húsadal og jafnframt má hugsa sér að leggja göngustíga víðar umhverfis tjaldsvæði.

Umgengnin um tjaldsvæði fer nokkuð eftir stöðum. Umgengni í Endum, Giljum og Básam er oftast til fyrirmyndar en eftir fjölmennar helgar er oft æði sóðalegt umhorfs í Húsadal. Alla jafna tekur fólk þó vel í að hreinsa til eftir sig en það eru jú allir á heimferð á sama tíma og tjaldverðir aðeins

tveir til að fylgja þrifum eftir.

#### NÝJAR REGLUR.

Í sumar voru settar ágætis reglur um flest er varðar gesta-  
komur í Þórsmörk. Heldur fannst okkur þó undarlega að til-  
búningi þessarar reglna staðið því ekkert samráð hafði verið  
haft við starfsmenn í Þórsmörk, þær voru búnar til á skrif-  
stofu í kaupstaðnum. Síðan fengum við reglur þessar sendar  
og var uppálagt að framfylgja þeim. Ef horft er til núverandi  
ástands um fjölmennar helgar er erfitt að framfylgja reglum um  
t.d. ölvun og bann við bálköstum. En ekki er ætlunin að setja  
okkurá móti reglum en okkur leiðist hve illa við erum í stakk  
búin til að framfylgja þeim.

Lögreglan hélt vaktir í Þórsmörk fjölmennustu helgarnar í  
sumar. Það er ómetanlegt hve vera þeirra á svæðinu hefur mikil  
áhrif á atferli gesta. Þá á ég sérstaklega við það að ölvunar-  
akstur lagðist niður. Ég man þó eftir nokkru sem athuga þyrfti  
varðandi þessar lögregluvaktir. Það er að margsinnis þurftu þeir  
að fara með sjúklinga úr Mörkinni og voru þá í burtu þó nokkra  
stund, þ.e. þann tíma sem tekur að koma sjúklingi undir lækni-  
hendur. Einnig fóru vaktaskipti fram á Hvol<sup>v</sup>svelli en mættu  
hugsanlega fara fram innfrá. Þá þyrftu þeir einnig að taka með  
sér eldsneytisgeymi. Auðvelt ætti að vera að fá einhverja  
björgunarsveit til að sjá um flutning sjúklinga niður á Hvol<sup>v</sup>s-  
völl til lækni.

#### SORP.

Í sumar var sá háttur hafður á að rusli var safnað saman  
og því ekið á ruslahaugana á Selfossi. Fyrst í stað var F.í.  
ekki með í þessu og brenndi því rusli sínu og ók ösku og því  
sem ekki brann í Krossá eins og Skógræktin gerði áður. Ekki

leið leið þó langur tími þar til F.í. eftirlét okkur ruslið sitt. Þegar ég fyrst heyrði talað um þessa aðferð með ruslið leist mér vel á því ég átti von á að ruslagámurinn, sem við söfnuðum rusli í, yrði sóttur með öllu sem í honum væri og annar skilinn eftri í hans stað. Þannig gegi þetta koll af kolli og bætt yrði við aukagámi eftir því sem þörf krefði. En því miður taldist slíkt fyrirmyndar fyrirkomulag of dýrt.

Þorpirðan fór því sísvona fram. Rusli sem féll til í miðri viku var oftast safnað saman á hverjum stað (þ.e. Húsdal, Langadal og Básam), en ef við áttum leið um á bílnum, tókum við það vitaskuld með okkur. Á sunnudagseftirmiðdögum þegar fólk fór að týnast heim á leið urðum við að láta hendur standa fram úr ermum. Þá hófst kapphlaup við hræfuglinn um að ná saman öllum pokum og koma þeim í gáminn og undir segl. Þetta starf tók sinn tíma og entist ætíð fram á kvöld.

Ruslið var síðan sótt á Skógræktarvörubílnum og voru pokarnir týndir upp úr gámmum og undan seglinu upp á bílinn. Satt að segja er það óskemmtilegt starf og væri æði vinsælt að tæknilegri vinnubrögð yrðu tekin upp.

Leiðinlegt var hve síðasti ruslaskammturinn gleymdist lengi í Þórsmörk. Mér skilst af fregnum að ruslið hafi verið ansi illa leikið og orðið æði dreift.

#### VATNSFÖLL & FARARTEKI.

Enginn teljandi vandræði hlutust af vatnsföllum nú í sumar. Vitanlega kom það fyrir að bílar festust í ánum. Vatnsmagn í Krossá jókst nokkuð í ágústlok.

Í sumar höfðum við öflugan torfærubíl, Unimog herbíl, í Þórsmörk. Ekki þarf að fjölyrða um það öryggi sem af því hlýst að svo stór og öflugur bíll sé ætíð á staðnum. Bílinn kom sér einnig vel í girðingarvinnu og var það reyndar í eina skiptið sem við notuðum dráttarspilið.

Bílinn þessi er kominn til ára sinna og viðhaldskostnaður hár og viðgerðir tíðar. Útgerð bílsins er því ansi dýr því hefur heyrst að hagkvæmt væri að kaup til þessaverkefnis nýrri bíl (Unimog) með dísel-vél. Hugsanlegt er að með dísel-bíl gæti reynst hagstætt að við flyttum ruslið á honum á Selfoss-ruslahauga.

#### GIRÐINGAR & SAUÐFÉ.

Í sumar var endurnýjaður um kílómetra langur kafli á Svínatungum og var þó löngu tímabært. Ástand girðinga er annars nokkuð vel viðunandi. Ryð og sandblástur eyðileggur girðingar fljótt, netið verður stökkt og getur hrokkið í sundur. En hvað um það. Ef til vill finnast nýjar aðferðir við að losna við fé af Mörkinni og þá þurfum við ekki að notast við þessar háfjallagirðingar í giljum og skorningum. En ef notast skal við girðingar enn um sinn þarf að huga vel að þeim í giljum því sums staðar hefur féð fundið sér leið framhjá endum á girðingum.

Ekki varð úr smölun í sumar en í ljós kom í haust að sviptur fjöldi fjár kom af Þórsmörk og Goðalandi og undafarin ár.

#### HÚSNÆÐI.

Skúrinn okkar er ágætlega vistlegur og þægilegur. Hann er staðsettur neðst í Skáldagili en þangað var hann fluttur til að forða honum frá Krossá. Skúrinn hefur ekki þolað fangbrögð við Krossá og er nú ljóst að gólfið í honum er svo fúið að rúm-fætur eru farnir að stingast niður úr. Hugsanlegt er að skipta megi um gólf í skúrnum og teljum við það vænlegri kost en að kaupa nýjan Jafnframt þyrfti að loftræstaskúrinn betur niðri við gólf. Ein rúða er brotin í skúrnum. Við hugsuðum um og teiknuðum viðbyggingu við skúrinn en ekki varð úr verki. Í viðbyggingu þessari ætluðum við að geyma yfirhafnir, áburð og grasfræ,



olíu og fleira vegna bíls, verkfæri og margt fleira sem ekki hæfir að geyma í íbúðarhúsum. Við leggjum til að næsta sumar verði keyptur gas-ískapur í skúrinn.

En hvað verður um skúrinn okkar fer jafnvel eftir því hvernig tekið verður í róttækar breytingar á starfsháttum og verkaskiptingu á svæðinu.

#### LOKAORÐ.

Vitanlega kemur ekki allt sumarstarfið fram í svo lítilli skýrslu. Við höfðum þó dregið fram það helsta sem situr eftir í manni nú í desember, þegar þessi skýrsla er gerð. Við búum að því að koma til nýrra starfa, með ferskar hugmyndir og til í slaginn. Undanfarar okkar voru orðin þeytt á hve lítið gekk með framkvæmd þeirra hygmynda sem þau stungu uppá, eins og fram kemur í síðustu skýrslu þeirra.

Við erum nokkuð ánægð með sumarstarfið og samstarf við yfirmann okkar var mjög gott. Vitaskuld getur orðið bið á að óskir okkar uppfyllist og sumar uppfyllast alls ekki. En ekki er rétt að áfella yfirmenn Skógræktarinnar. Hér er um að kenna peningaleysi sem reyndar viðist að vera tröllríða öllum atvinnurekstri. Samdráttur í ríkisfjármálum og fleira í þeim dúr veldur því að varla verður um auðugan garð að gresja hvað varðar peninga til endurbóta í Þórsmörk, en við vonum það besta.

Við ætlumst ekki til að aðfinnslur okkar verði teknar óstínt upp. Þær eru til þess ætlaðar að yfirmenn okkar og allir sem áhuga hafa á Þórsmörk viti hvað við erum að gera og hvað við viljum. Tíminn verður að skera úr um hvað okkur tekst að gera.

Við þökkum forstjóranum okkar Böðvari Guðmundssyni góða viðkynningu og samstarf. Við þökkum félögum okkar í starfsmannafélagi Þórsmörkur fyrir frábært samstarf í sumar.

til Hagstofunnar fyrir 7. júní mánuð 1985 frá:

Tala herbergja/ vistarvera alls*	Tala rúmna
-------------------------------------	------------

**SKÝRÆKI Ríkisins - Försókn**

naðn, fullt heimilisfang, sími

Mán- aðar- dag- ur	Tala gistinguátta eftir þjóðerni gesta														Tala leigð herbergi vistarvera	T al
	Ís- land 1	Dan- mörk 2	Sví- þjóð 3	Nor- egur 4	Finn- land 5	Stóra Bret- land 6	V- þýska- land 7	Hol- land 8	Frakk- land 9	Sviss 10	Önnur Evrópu- lönd 11	Banda- ríkin 12	Öll önnur lönd 13	Alls 14		
1.	33	2												33		
2.	37	2												39		
3.																
4.																
5.																
6.																
7.																
8.	33													33		
9.	54													54		
10.																
11.																
12.																
13.																
14.																
15.	158													158		
16.	510													510		
17.	426													426		
18.	2													2		
19.																
20.	6													6		
21.	2													2		
22.	271													271		
23.	495													495		
24.	7													7		
25.	2													2		
26.	4													4		
27.	4													4		
28.	4													4		
29.	465					2	6							474		
30.	479					2	6							487		
31.																
Alls	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	
	2993	4				4	12							3013		

\* Hér skal telja með herbergi tilheyrandi gististaðnum, en utan aðalhúsrúms hans, þar á meðal herbergi tekin á leigu - þó ekki herbergi, sem gististaðurinn greiðir leigu fyrir aðeins þegar grípa þarf til þeirra.  
 \*\* Aukatilreidd rúm skulu ekki meðtalin.

Dags.:  
 Undirskrift þess, sem ber ábyrgð á gerð skýrslunnar:

í veffisgötu 8-10, 101 Reykjavík, Sími 26699, eigj ar en viku eður lok hverj mánaðal

til Hagstofunnar fyrir Telli mánuð 1983 frá:

Talalæggja/vistarvera alls  
Talaðinn

**SKÓGRAEKT RÍKISINS - FYRIRMÖRK**

namn, fullt heimilisfang, sími

Tala gistinguátta eftir þjóðerni gesta

Mán- aðar- dag- ur	Tala gistinguátta eftir þjóðerni gesta														Tala úr- helgona herbergja/ vistarvera	T v p
	Ís- land	Dan- mörk	Sví- þjóð	Nor- egur	Fin- land	Stóra Bret- land	V- þýska- land	Hol- land	Frakk- land	Sviss	Önnur Evrópu- lönd	Banda- ríkin	Öll önnur lönd	Allt		
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	
1.	8					20	20	5	12						65	
2.	1						2								3	
3.																
4.																
5.						15	5			2					22	
6.	540					15	7			2					564	
7.	607					2	2								611	
8.	3						31		10						50	
9.																
10.	4											12			16	
11.	7											12			19	
12.	9											20			29	
13.	749											20			769	
14.	697							10							707	
15.	4							10							14	
16.	2														2	
17.	16														16	
18.	18														18	
19.	9														9	
20.	387														387	
21.	455														455	
22.	4														4	
23.	7					18	9	5	3			2	1		45	
24.	4														4	
25.	4								14						18	
26.	18					4	17	5	1		2				47	
27.	186	3				4	17	7	1		2				220	
28.	265	5					4								274	
29.	4														4	
30.	6														6	
31.	4														4	
Alls	4018	8				78	120	22	61	4	4	66	1		4382	

\*) Hér skal telja með herbergi tilheyrandi gististaðnum, en utan aðalhúsrúms hans, þar á meðal herbergi tekin á leigu — þó ekki herbergi, sem gististaðurinn greiðir leigu fyrir aðeins þegar grípa þarf til þeirra.  
\*\*) Aukatilreidd rúm skulu ekki meðtalin.

Dags.:

Undirskrift þess, sem ber ábyrgð á gerð skýrslunnar:

Skýrslu þessi seldur til Hagstofunnar íslenskrar, veitingu 8-10, 101 Reykjavík. Sími 26699, sígi 11 en viklu eitt lok þvers mánadag.

til Hagstofunnar fyrir 7. júní mánuð 1985 frá:

Tala herbergja/ vistarvera alls*	Tala útsótt herbergja
-------------------------------------	--------------------------

**SKOGLAÆKT RIKTÓINS - FÖRSMÖRK**  
nain, fullt heimilistang, sími

Mán- aðar- dag- ur	Tala gistinátta eftir þjóðerni gesta														Tala útsótt herbergja/ vistarvera	Tala útsótt herbergja
	Ís- land	Dan- mörk	Sví- þjóð	Nor- egur	Finn- land	Stóra Bret- land	V- þýska- land	Hol- land	Frakk- land	Sviss	Önnur Evrópu- lönd	Banda- ríkin	ÖN önnur lönd	Alls		
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14		
1.	2							6						6		
2.								6						6		
3.	111													111		
4.	363													363		
5.	222													222		
6.	2					7	33	4	9			2		57		
7.	6						16		25		2			49		
8.						2			14					16		
9.	6													6		
10.	150													150		
11.	220							4						224		
12.	5							5						10		
13.								5						5		
14.	8													8		
15.	21							26						55		
16.	23							13						36		
17.	118													118		
18.	109								2					201		
19.	9					3	48	3						63		
20.	2													2		
21.									9					9		
22.	3													3		
23.	91													91		
24.	187							2						194		
25.																
26.																
27.																
28.									8					8		
29.										2				2		
30.	9									2				11		
31.	19									2				21		
Alls	2128	2	3	4	5	12	169	9	65		8	2		2388	15	

Sýringar þessi skýrslu til Hagstofnu Íslands (Færingsgötu 8-10, 101 Reykjavík, Sími 26699, eigi) í en viku eftir lok hvers mánaðar.

\* Hér skal telja með herbergi tilheyrandi gististaðnum, en utan aðalhúsrúms hans, þar á meðal herbergi tekin á leigu - þó ekki herbergi, sem gististaðurinn greiðir leigu fyrir aðeins þegar grípa þarf til þeirra.  
\*\* Aukatilreidd rúm skulu ekki meðtalín.

Dags.:  
Undirskrift þess, sem ber ábyrgð á gerð skýrslunnar.